



Reykjavík, 25.apríl.2022

VEL22040017

Efni: Umsögn öldungaráðs um stefnu velferðarsviðs um velferðartækni 2022 - 2026

Ráðið er hrifið af stefnunni um velferðartækni, sem er byltingarkennd og sérstaklega á þessum tímum. Stefnan stuðlar að auknu öryggi þeirra sem koma til með að njóta góðs af henni. Einnig er mikilvægt að hún stuðli að fræðslu til að auka þekkingu þeirra sem þess þurfa, fólks sem notar tækni og tæknibúnað í daglegu lífi. Velferðartækni snýst um að auka lífsgæði fólks og samverustundir við hvert annað. Hún stuðlar auk þess að því að fólk geti búið lengur á sínu heimili þar sem hún seinkar, og jafnvel kemur í veg fyrir flutning á hjúkrunarheimili. Mikilvægt er að velferðartæknin ýti undir fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu sem tekur tillit til einstaklingsins og hans þarfa, út frá hans forsendum.

Tryggja þarf að stefnan og möguleikar á einstaklingsmiðaðri þjónustu verði kynnt vel fyrir notendum og aðstandendum þeirra. Kynningin fari fram bæði á kynningarvettvangi Reykjavíkurborgar, svo sem á heimasíðu borgarinnar, og í meiri nálægð við notendur.

Þá er einnig ekki síður mikilvægt að í nýtingu á velferðartækni felst ákveðinn sparnaður, sem skapar þá rými til þess að auka aðra einstaklingsbundna og persónulegri þjónustu, svo sem í félagslegum samskiptum.

Ráðið fagnar því þessari stefnu og styður við innleiðingu hennar.